

## Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings óskar eftir sálfræðingi til starfa

Staða sálfræðings fyrir leik- og grunnskóla á starfssvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings er laus til umsóknar. Um er að ræða 100% stöðu til eins árs vegna fæðingarorlofs.

Samstarf er á milli sjö sveitarfélaga í Árnessýslu á sviði skóla- og velferðarþjónustu. Einn forstöðumaður er yfir svæðinu og er sameiginleg skólaþjónustu- og velferðar-nefnd sem markar þjónustunni stefnu í samvinnu við þá sem málið varðar. Lögð er áhersla á heildarsýn í málefnum einstaklinga og fjölskyldna.

*Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. ágúst n.k. eða eftir samkomulagi.*

### Starfssvið sálfræðings

- Ráðgjöf við skólastjórnendur og starfsfólk leik- og grunnskóla um snemmtæka íhlutun.
- Forvarnarstarf með áherslu á sjálfbærni skólanna við lausn mála sem upp koma.
- Skimanir, greiningar og ráðgjöf fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri, foreldra og starfsfólk skóla.
- Fræðsla og námskeið vegna mála einstaklinga eða hópa.
- Ráðgjöf og meðferð til fjölskyldna og barna sem njóta þjónustu barnaverndar.

Sálfræðingur vinnur í þverfaglegu samstarfi við kennsluráðgjafa, talmeinafræðinga, félagsráðgjafa, starfsmenn skóla, starfsfólk heilbrigðisþjónustu, aðra sérfræðinga, foreldra o.fl.

### Menntunar- og hæfniskröfur sálfræðings

- Sálfræðimenntun og réttindi til að starfa sem sálfræðingur
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar
- Frumkvæði
- Hæfni í þverfaglegu samstarfi
- Lipurð og færni í samskiptum

### Umsóknarfrestur er til 15. maí 2018

Umsókn sendist til Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, Fljótsmörk 2 810 Hveragerði eða á netfangið [maria@hveragerdi.is](mailto:maria@hveragerdi.is). Með umsóknum fylgi ferilskrá um störf umsækjanda og menntun. Í samræmi við jafnréttisstefnu sveitarfélaganna eru bæði karlar og konur hvött til að sækja um störfin.

Nánari upplýsingar veita: María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, [maria@hveragerdi.is](mailto:maria@hveragerdi.is) og Hrafnhildur Karlsdóttir teymisstjóri og kennsluráðgjafi, [hrafnhildur@arnesthing.is](mailto:hrafnhildur@arnesthing.is)